

Reglulegir fundir miðstjórnar BHM eru þriðja miðvikudag í hverjum mánuði.

**Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 19.04.2006 kl. 16:00
Borgartúni 6**

Mættir:

Kristbjörg Magnúsdóttir, LMFÍ
Guðlaug Einarsdóttir, LMFÍ
Kristín Hafsteinsdóttir, FL
Helga Birna Ingimundardóttir, FÍH
Salóme Þórisdóttir, ÞÍ
Þóroddur Þórarinnsson, BHM
Páll Halldórsson, FÍN
Sigurður Einarsson, FHMN
Una N. Svane, SBU
Guðlaug Kristjánsdóttir, SSP
Ína B. Hjálmarsdóttir, FÍN
Racel Eiríksson, SÍF
Lilja Ingvarsson, ÍÞÍ
Signý Þöll Kristinsdóttir, ÍÞÍ
Bragi Skúlason, Útgarður
Stefán Aðalsteinsson, BHM
Halldóra Friðjónsdóttir, BHM
Elsa B. Friðfinnsdóttir, BHM og FÍH
Sigurjón Valdimarsson, FT
Halldór K. Valdimarsson, BHM

Fundarstjóri: Elsa B. Friðfinnsdóttir
Fundur settur: kl. 16:10

Til afgreiðslu:

1. Samningamál
 - a) Stofnanasamningar
Halldóra Friðjónsdóttir skýrði frá því að vinna við stofnanasamninga væri á fullu. Víða væru samningar á lokastigi. Skýrði hún frá því að hrakspár um átök milli stéttarfélaga hefðu ekki gengið eftir, því hvergi hnökraði vegna neins slíks. Engum samningi hefði enn verið vísað til sáttasemjara.
Í umræðum kom fram að nokkrir samningar væru þegar fullgerðir og hægt að greiða út eftir þeim.
Fram kom að það væri jákvæð hliðarverkan af sameiginlegum stofnanasamningum að stéttir fengju greinabetri upplýsingar um störf hver annarrar. Það leiddi til aukinnar gagnkvæmrar virðingar.
Á stofnunum þar sem einstakar stéttir hafa undanfarin ár dregist verulega aftur úr getur það valdið erfiðleikum að fjármagn til skiptanna fer að mestu í að ná jafnaðarmarkmiðum fyrir þær og því lítið eftir til að laga kjör annara. Það getur svo valdið því að kjör einstakra hópa skekkist miðað við kjör samsvarandi hópa annars staðar.
Fram kom fyrirspurn um hvort hægt væri að birta stofnanasamninga á heimasíðu BHM. Allir samningar sem verða sendir umsjónarmanni síðunnar verða birtir.

- b) Samningar við sveitarfélög
Halldóra Friðjónsdóttir skýrði frá því að flest félög væru búin að semja við LN. Síðast hefðu HugGarðsfélögin sex samið sameiginlega við launaneftina.
Tregar gengur í samningum FÍN við LN. Meðal annars vegna þess að verið er að taka inn í þessa samninga stofnanir sem til þessa hafa ekki verið á könnu LN. Viðræður hafa verið í gangi í hálf tveimur árum og hefur ekkert gengið enn. Reynt hefur verið með nokkrum árangri að semja beint við stofnanir.
2. Dómur í Víðinesmáli
Elsa B. Friðfinnsdóttir skýrði frá því að málið hefði snúist um upplýsingaskyldu, eða það að hjúkrunarfræðingur hefði ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um þau laun sem greidd voru á stofnun sem hann réð sig til. Málið tapaðist fyrir héraðsdómi og ekki hefði verið ákveðið hvert næsta skref verður.
Í umræðu kom fram að ekki hefði verið um háar fjárhæðir að ræða heldur það grundvallarsjónarmið að yfirmaður hefði átt að gera hjúkrunarfræðingnum grein fyrir þeim mismunandi leiðum í launamálum sem væru við lýði á stofnuninni.
3. Útborgun orlofsfjár
Stefán Aðalsteinsson skýrði frá því að bréf hefði komið frá fjármálaráðuneytinu, þar sem starfsmannaskrifstofa fer fram á að fá að fella greiðslu sem koma á 1. júní inn í greiðslu orlofsfjár næsta ár á eftir.
Athugasemdir við efni bréfsins þarf að gera til fjármálaráðuneytis fyrir 1. maí 2006.
Framkvæmdastjóra var falið að skoða vaxtakjör á orlofsfé.

Til kynningar:

4. Aðalfundarboð
Aðalfundarboð er farið út. Bent var á nauðsyn þess að félögin skoðuðu tölur um fjölda virkra félaga vel, hvort þær væru réttar á lista yfir fulltrúafjölda. Félög þurfa að tilnefna aðalfundarfulltrúa. Ekki hefur verið valin yfirskrift fyrir fundinn. Æskilegt er að hafa eitthvert tema og ákveða þarf hvaða gesti á að fá með erindi.
Minnst var á að þegar aðalfundarfulltrúar eru tilkynntir fylgi með netföng þeirra.
5. Nýtt álit laganeftdar
HF sagði álitnið lagt fram til fróðleiks. Komið hefði lítið af málum til laganeftdar undanfarið ár.
6. Reisugildi
HF skýrði frá því að föstudaginn 28. apríl verði reisugildi haldið í Borgartúni 6. Boðið verði samstarfsaðilum, samningaaðilum, þeim sem starfa hjá aðildarfélögum, stjórnnum félaga og öðrum samstarfsaðilum.
7. Önnur mál
- a) Hátíðahöld 1. maí. Þarf að senda út áskorun á félögin að senda félagsmönnum hvatningu til þátttöku.
- b) Fram kom fyrirspurn um hvort skoða þyrfti hverju búast mætti við þegar frjálst flæði vinnuafis frá Evrópu gengur í gildi þann 1. maí. Menntun er ákaflega mismunandi eftir því frá hvaða svæðum fólk kemur og full þörf á að ræða það sem tengist þessu. Bent var á að í mörgum tilvikum væri ekki um nein starfsréttindi eða löggildingu að ræða. Hins vegar velti menn því fyrir sér hver búast má við að þróunin verði – hvert hún leiðir þegar upp er staðið. Ljóst er að hún verður ekki stöðvuð.
Fram kom að lífeindafræðingar hafa þegar sett lágmarkskröfur á Evrópugrundvelli um nám til grundvallar starfa á því sviði. Hið sama á við um hjúkrunarfræðinga og fleiri stéttir, en vandamál geta skapast varðandi þá sem eru með eldri próf. Bent var á að það væri ekki aðeins um austurvestur streymi heldur jafnframt suður – norður. Vandinn varðaði jafnframt fleira en fagþekkingu, því einnig þyrfti að huga að tungumálakunnáttu og ýmsu sem varðar öryggisþætti. Þörf sé á að BHM leiti eftir viðræðum við stjórnvöld um þætti sem tengjast þessu, svo sem kjaramál og fleira. Samþykkt var að málið verði opnað á málstofu 8. maí.

- c) Spurt var hvort eitthvað væri verið að athuga varðandi skattlagningu á styrki Sjúkrasjóðs og Styrktarsjóðs. Fram kom að stjórnir sjóðanna hefðu fengið það verkefni að láta frá sér heyrna um þetta. Málið mun jafnframt vera til skoðunar í fjármálaráðuneytinu.
- d) Kristín Hafsteinsdóttir óskar eftir því að segja af sér í uppstillingarnefnd. Afsögn hennar var samþykkt. Guðlaug Kristjánsdóttir gaf kost á sér í nefndina og var kjörin með lófataki.

Fundi slitið klukkan 17:45